

**Sp.**

**142. Tillaga til þingsályktunar**

**[87. mál]**

um rekstur radarstöðva varnarliðsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að ríkið taki að sér að öllu leyti rekstur radarstöðva varnarliðsins, og að sérfræðingar þeir, erlendir, sem þörf kann að vera fyrir við starfræksluna, verði starfsmenn ríkisins, enda verði jafnframt samið um endurgreiðslu rekstrarkostnaðar frá varnarliðinu.

**Greinargerð.**

Auk radarstöðvarinnar við Sandgerði er nú verið að byggja á vegum varnarliðsins radarstöðvar í þrem landsfjórðungum, við Aðalvík, á Heiðarfjalli og á Stokknesi. Nokkur tími mun þó líða, þangað til starfræksla þeirra stöðva hefst.

Samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra á Alþingi nýlega um framkvæmd varnarsamningsins var á s. l. vori um það samið, að varnarliðið gerði á sinn kostnað girðingar um landsvæði þau, er stöðvarnar hafa til afnota, til þess að tryggja sem best framkvæmd laga og reglna í þessu sambandi, jafnframt því sem íslenskir lögreglumenn verða að sjálfsögðu til eftirlits á þessum stöðum. Um leið var frá því skýrt, að um starfrækslu radarstöðvanna eða starfslið hefði enn ekki verið samið. Ýmsir álíta heppilegast, að Bandaríkjamenn einir starfi í stöðvunum, og telja, að með því fyrirkomulagi verði auðveldast að einangra stöðvarnar á þann hátt, sem nauðsyn ber til, og í samræmi við gerða samninga um ráðstafanir til að koma í veg fyrir samskipti varnarliðsins við Íslendinga. En sums staðar, jafnvel á Alþingi, eru þó uppi raddir um, að rétt sé og eftirsóknarvert, að íslenskir menn verði ráðnir til einhverra starfa hjá Bandaríkjamönnum á stöðvum þessum. Flm. telja hins vegar, að það fyrirkomulag, að útlendingar annist aðalstörfin ásamt stjórn stöðvanna með einhverri aðstoð íslenskra undirmanna (sem þar teldust í þjálfun) og íslenzku þjónustuliði, sé, hvort sem þetta fólk ætti heima utan eða innan stöðvarsvæðanna, að ýmsu leyti miður æskilegt, ekki sízt frá sjónarmiði þeirra fámennu byggðarlaga, sem hér eiga sérstaklega hlut að máli. Er þá sýnu nær, að Íslendingar reki sjálfir radarstöðvarnar gegn þeirri greiðslu, sem um kann að semjast, undir íslenskri stjórn og með íslenzku starfsliði aðallega, en hafi til þess aðstoð erlendra sérfræðinga, eftir því sem með kann að þurfa fyrst um sinn.

Með tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að unnið verði að þeirri lausn málsins, sem nú hefur verið nefnd, þ. e., að Íslendingar taki sjálfir að sér rekstur radarstöðvanna. Ef samkomulag næst, þarf ekki að efa, að íslenskir sérfræðinemendur og sérfræðingar á því sviði, sem hér er um að ræða, hefðu möguleika til að afla sér á venjulegan hátt þeirrar viðbótarfræðslu, sem nauðsynleg kann að reynast.